

Mánudaginn 7. októbermánaðar.

Nr. 40/1895:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar 31. júlí þ. á. var hinn ákærði Guðmundur prentari Þorsteinsson (yngri) hjer í bænnum dæmdur fyrir skjalafölsun til að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði og til að greiða verzlunarstjóra Jóni Norðmann fyrir hönd Knudtzons verzlunar 2 kr. í skadabætur, svo skyldi hann og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarn- arlaun til svaramanns síns fyrir aukarjettinum cand. juris Magnúsar Jónssonar, 4. kr. Dómi þess- um hefur eptir ósk ákærða verið skotið til yfir- dómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að föstudaginn fyrir hvítasunnu í vor skrifaði hann 6 falsaðar ávísanir upp á verzlunir hjer í bænnum, sína ávísunina upp á hverja verzlun, og reyndi að fá út á þær í verzl- ununum. Ávísanirnar voru gefnar út undir nafni 3 utanbæjarmanna og hljóðuðu upp á borgun til ákærða. Þær voru að upphæð 5 kr. hver nema ein, sem hljóðaði upp á 2 kr., til Knudtzons verzl- unar, og var hún sú eina af ávísununum, sem á- kærði fjekk svarað út á, og tók hann út á hana tóbak, sykur og brennivín, sem hann eyddi. Hin- ar ávísanirnar vildu ekki hlutaðeigandi verzlunar-

forstjórar svara út á, sumpart vegna þess, að þá grunadi, að þær væru falsaðar, og sumpart af því að þeir, sem undir ávísanirnar voru skrifaðir sem útgefendur, voru þar eigi í reikningi.

Ákærði, sem er fæddur 27. júlí 1866, hefur 4 sinnum áður sætt refsingu samkvæmt hegningarlögunum, nefnilega 3 sinnum fyrir þjófnað samkvæmt landsyfirrettardómi 15. okt. 1883 (40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi), aukarjettardómi Reykjavíkur 18. apríl 1884 (80 daga samskonar fangelsi) og landsyfirrettardómi 18. ágúst 1884 (2 × 5 daga fangelsi við vatn og braud). Í 4. skiptið var hann dæmdur fyrir skjalfals samkvæmt landsyfirrettardómi 21. marz 1887 í 5 × 5 daga fangelsi við vatn og braud.

Refsing sú, er ákærði nú hefur til unnið, þykir samkvæmt 270. gr. almennra hegningarlaga hæfilega metin af undirdómaranum 8 mánaða betrunarhússvinna, enda er engin ástæða til að ætla, að ákærði hafi ekki verið fullkomlega með sjálfum sjer, þegar hann vann verkið, eptir því sem fram er komið í málinu. Yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins og ákvæði hans um skaðabætur, og ber því að staðfesta dóminn í heild sinni. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómnum, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmdar skaðabætur greidist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Pálmi prestur Þóroddsson
fyrir ljensjörðina Höfða

gegn

Jóni Þorkelssyni

Nr. 17/1895:

tyrir bænda eignina $\frac{1}{2}$ Bæ.

Dómur:

Mál þetta er í hjerði höfðað af Jóni bónda Þorkelssyni, sem er eigandi að $\frac{1}{2}$ jörðinni Bæ, gegn prestinum Pálma Þóroddssyni sem umráðamanni yfir prests-ljensjörðinni Höfða, út af landamerkjum milli tjeðra jarða, og var málið dæmt í landamerkjadómi Skagafjardarsýslu 9. sept. 1893, og landamerki ákvedin milli Bæjar og Höfða; auk þess var allur málskostnaður, 151 kr. 73 a., lagður á áfrýjanda.